

Grendarkynning Balar 2 - Frá Keran og Birna

Til : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>
Frá : Keran St. Ólason <keran@patro.is>
CC : Elfar Steinn Karlsson <elfar@vesturbyggd.is>
Heiti : Grendarkynning Balar 2 - Frá Keran og Birna
Málsnúmer : 2203041
Málsaðili : Skemman Vatneyri ehf.
Skráð dags : 22.04.2022 00:00:00
Höfundur : Keran St. Ólason <keran@patro.is>

Góðan dag.

Við undirrituð gerum hér með eftir farandi athugasemdir við grenndarkynningu fyrir Bala 2 Patreksfirði.

1. Áætlað er mikið byggingarmagn á lóðinni, sem samanstendur af mörgum litlum íbúðum, reyndar svo litlum að varla eru þær hugsaðar sem lausn til framtíðar til íveru heldur kannski til stuttrar dvalar fyrir farand verkafólk sem kemur og fer vegna vinnu.

Þetta kallast á „vestfirsku“ verbúðir. Við erum ekki sátt við að eyða einu besta byggingarlandi bæjarins undir verbúðir, slíkt húsnæði ættu að standa nær athafnasvæðum þar sem fólk er að sækja vinnuna.

2. Í aðsendri kynningu á myndum kemur fram að þök eigi að vera flöt, þetta stingur í stúf við aðrar byggingar á svæðinu, þar sem engin nálæg bygging er með flötum þökum.
3. Þá viljum við benda á mikla hæð á fyrirhuguðum byggingum, mikla nálægð við göturnar Sigtún og Aðalstræti og að lokum eru þessar byggingar ekki í neinu samræmi við þær byggingar sem eru í næsta nágrenni hvað útlit varðar og munu ekki koma samsvarandi byggingar í framtíðinni þar sem byggingareitur er fullnýttur.
4. Okkar tillaga er að þarna komi leikskóli með tilheyrandi leiksvæði fyrir börn, en mikil þörf er á nýjum leikskóla í bæinn og er þetta kjörið svæði fyrir slíka starfsemi.

Bestu kveðjur

Keran St. Ólason

Birna Mjöll Atladóttir

Aðalstræti 90 Patreksfirði